



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2026
USK25120304

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 11. febrúar 2026 varðandi eftirfarandi mál:

Nafngift nýrrar götu - Kringlureitur, áfangi 1

Lagt fram bréf götunafnanefndar Reykjavíkurborgar, dags. 4. febrúar 2026, þar sem lögð er fram tillaga að nýju götuheiti nýrrar vistgötu á Kringlureit sem nú er í uppbyggingu. Götunafnanefnd leggur til að heiti götunnar verði Mjóamýri.
Samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: bréf götunafnanefndar Reykjavíkurborgar, dags. 4. febrúar 2026



Reykjavík




Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. febrúar 2026
USK2512304

Tillaga götunafnanefndar Reykjavíkur um nýtt götuheiti: Mjóamýri

Málsatvik

Götunafnanefnd Reykjavíkurborgar var falið að gera tillögu að heiti á nýrri vistgötu á Kringlureit sem nú er í uppbyggingu. Fyrsti áfangi byggingarreitsins afmarkast af Kringlunni til austurs, Listabraut til suðurs og Kringlumýrarbraut til vesturs, en ljóst er að umrædd gata muni síðar meir koma til með að teygja sig inn á annan byggingaráfanga Kringlureits, sem verður reistur síðar.



Reykjavík



Niðurstaða

Nefndin skoðaði ýmsa kosti að heiti nýrrar götu á svæðinu. Meðal annars var tekin til álita tillaga Reita fasteignafélags sem er uppbyggingaraðili á svæðinu. Niðurstaða nefndarinnar var hins vegar að horfa frekar til sögulegs gildis svæðisins innan borgarinnar, sem er talsvert, enda um að ræða svæði sem stóð á tímabili til að gera að nýjum miðbæ Reykjavíkur. Litið var til gamalla staðarheita og kennileita innan borgarhlutans (Háaleiti-Bústaðir, borgarhluti 5), sem einkennist af holtum og ásum en á milli þeirra lágu á árum áður miklar mýrar, sem nú eru horfnar; Kringlumýri, Fossvogsmýri, Sogamýri og Krossamýri.

Svæðið sem hér var helst litið til er vestast í borgarhlutanum, í kringum Kringlumýri, en þar hafa mörg eldri staðarheiti frá því fyrir aldamót 1900 lifað góðu lífi í heitum gatna sem þar hafa myndast við uppbyggingu borgarinnar. Þar má nefna Grensásveg, Háaleitisbraut, Bústaðaveg, Leynimýri og sjálfa Kringlumýrarbraut. Þá er helsta kennileiti svæðisins í dag, Kringlan, auðvitað nefnd í höfuðið á gömlu mýrinni.

Kringlumýri náði allt frá suðausturhluta Rauðarárhólts og vestur á Grensás. Sá hluti Kringlumýrar sem lengst af stóð óbyggður og Kringlureiturinn stendur m.a. á, hét Mjóamýri. Áður var það heiti mikið notað yfir svæðið sem hér er til umfjöllunar. Mjóumýrarvegur lá m.a. frá Kringlunni og niður að Bústaðarvegi, þar sem Útvarpshúsið stendur nú, og þá stóð fyrsti golfvöllur Reykjavíkur á svæðinu, golfvöllurinn í Mjóumýri, sem var í umsjá Golfklúbbs Íslands. Reiturinn sem hér er til umfjöllunar, Kringlureitur, stendur einmitt þar sem vestustu holur gamla golfvallarins í Mjóumýri lágu áður.

Götunafnanefnd þykir einsýnt að ný gata sem myndast við uppbyggingu á Kringlureit verði nefnd eftir þessu gamla heiti svæðisins, sem hefur horfið með tímanum eftir mikla uppbyggingu þess og hvarf kennileita sem áður voru nefnd í höfuðið á því. Með því yrði haldið í ríka hefð í nafngiftum gatna og kennileita þessa hluta borgarinnar með vísun í gömlu mýrarnar sem einkenndu áður þetta svæði.

Tillaga

Á grundvelli þessa leggur götunafnanefnd til að heiti götunnar sem mun myndast á Kringlureit verði **Mjóamýri**.

Brynjar Þór Jónasson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Reykjavíkur
Umhverfis – og skipulagssvið



Reykjavík